

# Sterkari saman






## Hvað eru SART?

Félagsmenn Samtaka rafverktaka, SART, eru rafverktakar og rafeindaverktakar, rafvirkjameistarar og rafeindavirkjameistarar sem reka sín eigin fyrirtæki, eru með rafiðnaðarmenn í vinnu og bera faglega ábyrgð á öllum verkefnum fyrirtækisins.

Stefna SART er að veita félagsmönnum sínum margvíslega þjónustu og ráðgjöf um hvað eina er snýr að atvinnurekstri og að vera málsvari þeirra gagnvart almenningi og opinberum aðilum.

### Dæmi um verkefni sem eru unnin á vettvangi SART:

- SART skila umsögnum við lög og reglugerðir sem snúa að starfsemi félagsmanna.
- SART eru tengiliður atvinnurekenda í rafiðngreinum, t.d. við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, rafveitur og stjórnvöld.
- SART ásamt RSÍ eiga RAFMENNT og skipa öfluga einstaklinga í stjórn skólans.
- SART eiga í góðu samstarfi við systursamtök á Norðurlöndunum.
- SART eru með samning við Staðlaráð sem veitir félagsmönnum gjaldfrjálsan aðgang að fagtengdum stöðlum:
  - ÍST 30 – Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir
  - ÍST HB 200 – Raflagnir bygginga
  - ÍST 150 – Raf- og fjarskiptalagnir fyrir íbúðarhúsnæði, gerð, staðsetning og fjöldi tengistaða
  - ÍST 151 – Fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði – loftnetskerfi – netkerfi – símkerfi – hússtjórnarkerfi
- Aðild að SART veitir félagsmönnum rétt á að nota merkið löggiltur rafverktaki.
- Fagnefnd SART er skipuð reynslumiklum rafverktökum og rafeindavirkjameistara. Fagnefndin hefur það hlutverk að veita stjórn SART ráðgjöf þegar upp kemur ágreiningur um framkvæmd lögbundins eftirlits og/eða íþyngjandi aðgerðum er beint að löggiltum rafverktökum af hendi stjórnvalda eða veitufyrirtækja. Fagnefnd SART fundar reglulega með fulltrúum rafmagnsöryggissviðs HMS.
- SART stendur vörð um áunninn réttindi löggiltra rafverktaka sbr. réttinn til að brunapétta eigin verk og sinna eftirliti og viðhaldi á brunaeftirlitskerfum.
- SART stendur, með dyggri aðstoð SI, vörð um löggildinguna rafverktaka og gerir athugasemdir við og, ef þörf þykir, kærir til yfirvalda starfsemi réttindalausra aðila sem starfa á verksviði löggiltra rafverktaka.



## Vefurinn sart.is

Á vef samtakanna, sart.is, er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um samtökin.

## Innri vefur

Allir félagsmenn SART hafa aðgang að innri vef í gegnum rafræn skilríki þar sem m.a. er hægt að nálgast:

- Fundargerðir
- Eyðublöð og samninga
- Öryggishandbók SART
- Faglegar leiðbeiningar

## Leitarvél

Á vefnum er leitarvél þar sem hægt er að leita að verktaka innan SART eftir staðsetningu og þjónustuflokki.

Dæmi um þjónustuflokka:

- Alhliða tölvuþjónusta
- Fjarskiptalagnir
- Loftnetsþjónusta
- Rafvirkjaþjónusta
- Hönnun / teikningar / ráðgjöf
- Loftræsti-, kæli- og hitakerfi
- Dyrasímar og -kerfi / lagnir
- Hljóð- og myndlausnir
- Öryggiskerfi / eftirlitskerfi
- Rafbílahleðsla


## Styrktarsjóður RSÍ

Félagsmenn SART eru með aðild að styrktarsjóði Rafiðnaðarsambands Íslands, RSÍ.

- Samningur SART og RSÍ nýst í stórum dráttum um að félagsmenn SART sem hafa áunnið sér réttindi í sjóðnum geta að nokkrum skilyrðum uppfylltum haldið aðild sinni að sjóðnum.
- Félagsmenn SART sem hafa tekið hlé frá greiðslum í sjóðinn geta öðlast aðild samkvæmt reglugerð hans.
- Félagsmenn SART greiða 1,1% af heildarlaunum eða að lágmarki af reiknuðu endurgjaldi skv. flokki D (1).

## Orlofshús SART

Félagsmenn SART hafa aðgang að orlofshúsi í fallegu umhverfi í landi Ásgarðs í Grímsnesi. Húsið er veglega búið húsgögnum ásamt eldhús- og borðbúnaði fyrir 12 manns. Svefnstæði og sængur eru fyrir 6, þ.e.a.s. tvö herbergi með hjónarúmum í húsinu og eitt í gestahúsi. Auk þess er svefnloft með dýnum sem auðveldlega rúma 5–7 til viðbótar. Þá fylgir húsinu gasgrill og garðhúsgögn. Á grasflötinni framan við húsið er fótboltamark og sandkassi fyrir börn á öllum aldri. Hitaveita, heitur pottur og sólpallur gerir það að verkum að húsið er vinsæll hvíldarstaður jafnt að sumri sem vetri.



## Veistu hvar – vefur og app

Félagsmenn SART hafa gjaldfrjálsan aðgang að vefi og appi þar sem hægt er að skrá inn verkfæri og hvar þau eru. *Veistu hvar* gefur fyrirtækjum nákvæma yfirsýn yfir öll verkfæri, hver er að nota verkfærin og hvar þau eru staðsett. Þannig er hægt að sjá notkunarsögu allra verkfæra. Hægt er að einfalda og flýta fyrir stofnun verkfæra í kerfinu með því að færa þau úr excel-skrá. Auk þess er hægt að stofna flokka fyrir verkfærin ásamt því að stofna verkefni sem starfsmenn skrá frátekni verkfæri á. Kerfið býður einnig upp á margar staðsetningar fyrir lagera, þannig geta starfsmenn sótt verkfæri á einni staðsetningu og skilað á annari. Starfsmenn geta skannað QR kóða verkfæris og þannig skráð verkfærið á sig, einnig er hægt að sjá nákvæmlega hvaða verkfæri eru í boði hverju sinni og hver starfsmaður getur séð öll verkfærin sem eru skráð á hann á sínu verkfærasvæði.

[www.veistuhvar.is](http://www.veistuhvar.is)

## Aðild að SI

Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda á Íslandi. Aðildarfyrirtæki SI eru eins mismunandi og þau eru mörg og þar liggur styrkur samtakanna. Einyrkjar, lítil, millistór og stór fyrirtæki finna hagsmunum sínum farveg innan SI. Aðild að SI er í gegnum meistarafélag eða aðra starfsgreinahópa. Meistarafélög og starfsgreinahópar vinna að hagsmunum aðildarfyrirtækja sinna. Stjórnir meistarafélaga og starfsgreinahópa móta stefnu í málefnum og fela svo SI að vinna að þeim málefnum.

## Ávinningur af aðild að SI

- Aðkoma að málefnavinnu samtakanna og umbótastarfi.
- Þátttaka í umræðu- og fræðsluvettvangi atvinnurekenda í iðnaði.
- Þátttaka í öflugu tengslaneti við helstu hagaðila á Íslandi og erlendis og skapa nán tengsl við erlend systursamtök.
- Auka við þekkingu með aðgangi að fjölmörgum fundum samtakanna og löðþingi SI sem haldið er árlega.
- Aðgangur að útgáfum Samtaka iðnaðarins, skýrslum, rafrænu fréttabréfi, greiningum og öðrum gagnlegum upplýsingum.
- Aðgangur að gæðakerfi SI, vottunum og gæðahandbókum.
- Aðgangur að fundarsölum í Húsi atvinnulífsins í Borgartúni 35.
- Aðgangur að mínum síðum í gegnum vef SI þar sem hægt er að nálgast upplýsingar sem tengjast aðild að samtökunum.

- Félagsmenn SART gerast aðilar að Ábyrgðarsjóði Meistaradeildar SI sem skapar traust milli viðskiptavina og verktaka.
- Aðgangur að sérfræðingum SI í lögfræði, hagfræði, menntamálum, almannatengslum, umhverfismálum, útboðsmálum og túlkun verksamninga.

## Viðskiptastjórar SI

Hvert aðildarfyrirtæki SI hefur sinn viðskiptastjóra eða tengilið hjá SI sem hægt er að leita til og fá upplýsingar, ráðgjöf eða leiðbeiningar varðandi rekstur síns fyrirtækis. Viðskiptastjóri SART hjá SI er jafnframt framkvæmdastjóri SART. Meðal þess sem hann annast í samstarfi við öflugan hóp samstarfsmanna hjá SI er eftirfarandi:

- Vinna að framgangi áherslumála einstakra starfsgreinahópa.
- Vinna við gerð umsagna um lagafrumvörp.
- Samskipti við opinbera aðila, sveitarfélög og Alþingi.
- Samskipti við opinbera verkkaupa og mótun verklagsreglna.
- Samskipti og hagsmunagæsla vegna opinberra eftirlitsaðila.
- Bréfaskriftir, fundarboð og fundargerðir starfsgreinahópa.
- Uppfærsla á heimasíðu og samfélagsmiðlum SART.
- Umsjón með samstarfi og tengslum við erlend systurfélög.





## Samtök atvinnulífsins

Með aðild að SI verða fyrirtæki einnig aðilar að Samtökum atvinnulífsins, SA, sem annast samskipti við stéttarfélag og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt leiðbeina SA aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál. Aðildarfyrirtæki SA hafa aðgang að:

- Þjónustu í vinnumarkaðs- og kjaramálum, m.a. aðstoð varðandi túlkun kjarasamninga, launagreiðslur, veikindarétt, orlof, vinnutíma og starfsmenntamál.
- Vinnumarkaðsvef SA sem inniheldur gagnlegar upplýsingar um vinnumarkaðs- og starfsmannamál



## Meistarinn.is

Upplýsingar um fyrirtæki félagsmanna SART eru birtar á vefnum meistarinn.is þar sem neytendur geta leitað að fyrirtæki innan mismunandi iðngreina. Hægt er að velja meistara eftir landssvæðum og eru birtar upplýsingar um fyrirtæki félagsmanna.

Á vefnum eru einnig birtar ýmsar hagnýtar upplýsingar fyrir verkkaupa:

- Gátlistar
- Sniðmát fyrir verksamninga
- Hlekkir á lög um mannvirki og byggingarreglugerð
- Hlekkir á vefsíður meistarafélaga innan SI





SAMTÖK RAFVERKTAKA